



Starfsemi á árinu 2021

Sameignardeild

Ávöxtun 16,9%

Raunávöxtun 11,5% sameignardeild 5 ára 8,8%, 10 ára 7,6% og 20 ára 5,2%

Tryggingafræðileg staða 3,5%

10% hækkun áunninna lífeyrisréttinda

Sameignar- og séreignardeild

Eignir 1.201 milljarður

23 milljarðar í lífeyrisgreiðslur

22 þúsund lífeyrisþegar í árslok

48 þúsund greiddu til sjóðsins

Úr ársreikningi

Í milljónum króna	2021	2020
Ríkisskuldabréf	173.862	165.332
Veðskuldabréf og fasteignat. verðbr.	186.564	173.050
Önnur skuldabréf	51.877	48.000
Innlend hlutabréf	224.239	165.118
Innlent laust fé	12.855	12.153
Erlend hlutabréf	488.464	379.563
Aðrar erlendar eignir	35.334	47.016
Aðrar innlendar eignir	2.508	2.233
Innlendar skammtímaskuldir	1.111	924
Eignir séreignadeilda	26.539	21.688
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.201.131	1.013.229

Breytingar á hreinni eign sameignardeildar

Í milljónum króna	2021	2020
Iðgjöld	36.128	33.834
Lífeyrir	-22.207	-18.140
Fjárfestingartekjur	170.403	127.435
Rekstrarkostnaður	-1.272	-1.199
Breyting eigna	183.052	141.930
Eignir frá fyrra ári	991.540	849.610
Eign samtals	1.174.592	991.540

Kennitölur

	2021	2020
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,12%	0,13%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	3,4%	3,4%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	60,2%	53,3%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	35.854	35.697
Fjöldi lífeyrisþega	21.044	19.813
Stöðugildi	51,1	49,7
Ávöxtun Verðbréfaeilda	16,9%	14,7%
Hrein raunávöxtun Verðbréfaeilda	11,5%	10,8%
Ávöxtun Ævileiðar I	17,4%	15,4%
Hrein raunávöxtun Ævileiðar I	12,0%	11,5%
Ávöxtun Ævileiðar II	10,7%	11,6%
Hrein raunávöxtun Ævileiðar II	5,6%	7,8%
Ávöxtun Ævileiðar III	1,7%	5,4%
Hrein raunávöxtun Ævileiðar III	-3,0%	1,8%

Stjórn

Jón Ólafur Halldórsson, formaður
Stefán Sveinbjörnsson, varaformaður
Árni Stefánsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Guðný Rósa Þorvarðardóttir
Guðrún Johnsen
Helga Ingólfssdóttir
Sigrún Helgadóttir

Framkvæmdastjóri


Guðmundur P. Þórhallsson

Lífeyrissjóðurinn tekur á móti iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda og greiðslum í séreignar-sparnað. Sjóðurinn starfar í sameignardeild og séreignardeildum.


Sameignardeild greiðir sjóðfélögum ævilangan ellilífeyri frá starfslokum og áfallalífeyri sem örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignardeildir eru með fjórar ávöxtunarleiðir sem hafa mismunandi eignasamsetningu til að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga eftir aldri og áhættuþoli. Ávöxtun þeirra kemur fram í yfirliti yfir kennitölur.

Greiðslur til sameignar- og séreignardeildar í milljónum króna




Greiðslur úr sameignar- og séreignardeild í milljónum króna



Eignir

Heildareignir LV námu 1.201 milljarði í árslok samanborið við 1.013 milljarða árið áður og nemur hækkun eigna því 188 milljörðum. Eignir sameignardeildar eru í vel dreifðu eignasafni sem leggur grunn að langtímaávöxtun.


Heildareignir samtals




Ávöxtun sameignardeildar og tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða var jákvæð um 3,5% í árslok 2021 en tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa undir lífeyrisskuldbindingum. Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu 2021 kemur til vegna góðrar ávöxtunar, hækkunar áunninna lífeyrisréttinda um 10% og innleiðingar á nýjum dánar- og eftirlifendatöflum í tryggingafræðilegu uppgjöri sjóðsins. Nýju töflurnar gera ráð fyrir hækkandi lífaldri sjóðfélaga sem endurspeglar þá þróun sem hefur orðið undanfarna áratugi.

Árleg meðalraunávöxtun sameignardeildar




Tryggingafræðileg staða



Skipting eignasafns sameignardeildar í árslok

Heildareignir LV námu 1.201 milljarði í árslok samanborið við 1.013 milljarða árið áður og nemur hækkun eigna því 188 milljörðum. Eignir sameignardeildar eru í vel dreifðu eignasafni sem leggur grunn að langtímaávöxtun.



Lífeyrissjóður verzlunarmanna